

Orka náttúrunnar ohf.
Ársreikningur 2014
USD

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Orka náttúrunnar ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið framleiðir rafmagn og varmaorku auk sölu rafmagns til stóriðju og í smásölu. Félagið var stofnað 6. desember 2013, en starfsemi þess hófst 1. janúar 2014. Í ársbyrjun voru eignir og skuldir vegna starfsemi félagsins fluttar frá móðurfyrirtæki þess, Orkuveitu Reykjavíkur, sjá nánar í skýringu 3 með ársreikningnum.

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu voru 62.

Hagnaður af rekstri Orku náttúrunnar ohf. á árinu 2014 nam 23,1 milljón USD. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins í árslok 1.013 milljónum USD, bókfært eigið fé í árslok er 408 milljónir USD og er eiginfjárlutfall félagsins 40,3%.

Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf., en það félag er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til eiganda félagsins á árinu 2015 vegna rekstrar á árinu 2014 en vísar að öðru leiti til ársreiknings varðandi ráðstöfun hagnaðar.

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í lok árs og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu 2014.

Stjórn og framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014.

Reykjavík, 16. mars 2015

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Orku náttúrunnar ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orku náttúrunnar ohf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 16. mars 2015

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur 2014

	Skýr.	2014
Rekstrartekjur	4	<u>128.052</u>
Orkukaup	6	(33.296)
Laun og launatengd gjöld	7	(5.771)
Annar rekstrarkostnaður	8	(19.559)
		<u>Rekstrarkostnaður samtals</u> (58.627)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA).....		<u>69.425</u>
Afskriftir	10	(27.223)
Rekstrarhagnaður (EBIT).....		<u>42.203</u>
Vaxtatekjur		1.182
Vaxtagjöld		(25.114)
Gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga		2.453
Gengismunur		<u>9.560</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>(11.918)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....		<u>30.284</u>
Tekjuskattur	9	(7.202)
		Hagnaður ársins <u><u>23.082</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr.	31.12.2014	1.1. 2014
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	942.776	894.547
Áhættuvarnarsamningar	11	1.402	0
Tekjuskattseign	15	0	3.908
Fastafjármunir samtals		<u>944.177</u>	<u>898.455</u>
Birgðir		1.036	1.304
Viðskiptakröfur	12	7.531	1.971
Áhættuvarnarsamningar	11	592	0
Aðrar skammtímakröfur	12	1.089	1.105
Kröfur á tengd félög	17	57.634	17.271
Handbært fé	13	510	17.434
Veltufjármunir samtals		<u>68.393</u>	<u>39.085</u>
Eignir samtals		<u><u>1.012.571</u></u>	<u><u>937.540</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		217.369	217.369
Sérstakur endurmatsreikningur		162.775	119.702
Lögbundinn varasjóður		2.308	0
Óráðstafað eigið fé		25.614	0
Eigið fé samtals		<u>408.066</u>	<u>337.072</u>
Skuldir			
Langtímalán frá tengdum félögum	14	550.820	580.086
Áhættuvarnarsamningar	11	566	0
Tekjuskattsskuldbinding	15	15.272	0
Langtímaskuldir samtals		<u>566.657</u>	<u>580.086</u>
Viðskiptaskuldir	16	6.527	0
Aðrar skammtímaskuldir	16	5.594	1.206
Næsta árs afborgun langtímalána við tengd félög	14	19.176	19.176
Skuld við tengd félög	17	6.549	0
Skammtímaskuldir samtals		<u>37.847</u>	<u>20.382</u>
Skuldir samtals		<u>604.505</u>	<u>600.468</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>1.012.571</u></u>	<u><u>937.540</u></u>

Eiginfjáryfirlit 2014

Árið 2014	Hlutfé	Sérstakur endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 31.12. 2013	35	0	0	0	35
Innborgað hlutfé 1.1. 2014 ...	217.335				217.335
Endurmat, hækkun		119.702			119.702
Eigið fé 1.1. 2014	217.369	119.702	0	0	337.072
Endurmat, hækkun		59.890			59.890
Tekjuskattsáhrif af endurmati	(11.978)		(11.978)
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(6.049)		6.049	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		1.210		(1.210)
Tillag í lögbundinn varasjóð			2.308	(2.308)
Hagnaður ársins				23.082	23.082
Eigið fé 31.12. 2014	217.369	162.775	2.308	25.614	408.066
6.12.-31.12. 2013					
Innborgað hlutfé 6. desember 2013	35	0	0	0	35
Eigið fé 31.12. 2013	35	0	0	0	35

Sjóðstreymisyfirlit 2014

	skýr.	2014
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður ársins		23.082
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		11.918
Aðrir rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Tekjuskattur		7.202
Afskriftir		27.223
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		4.630
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>74.055</u>
Innborgaðar vaxtatekjur		1.182
Greidd vaxtagjöld	(23.993)
Greiðslur vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(625)
Handbært fé frá rekstri		<u>50.620</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(14.553)
Skammtímakröfur á tengda aðila	(33.814)
Fjárfestingarhreyfingar	(<u>48.367</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborgun lána við tengda aðila	(19.176)
Fjármögnunarhreyfingar	(<u>19.176</u>
Lækkun á handbæru fé	(16.924)
Handbært fé í ársbyrjun		17.434
Handbært fé í árslok	13	<u>510</u>
Aðrar upplýsingar:		
Veltufé frá rekstri		47.417

Skýringar

1. Fyrirtækið

Orka náttúrunnar ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið framleiðir rafmagn og varmaorku í orkuverum, auk raforkusölu til stóriðju og í smásölu. Höfuðstöðvar félagsins eru að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu OR Eigna ohf. og er ársreikningur félagsins hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. *Reikningsskilaaðferðir*

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en þeim er lýst í skýringu 18.

Félagið var stofnað 6. desember 2013, en starfsemi þess hófst 1. janúar 2014. Í ársbyrjun voru eignir og skuldir vegna starfsemi félagsins fluttar frá móðurfyrirtæki þess, Orkuveitu Reykjavíkur. Af þessari ástæðu eru samanburðartölur í efnahag miðaðar við 1. janúar 2014 en ekki lok árs 2013.

b. *Matsaðferðir*

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir hafa verið endurmetnir til gangvirkis.

c. *Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill*

Ársreikningur félagsins er birtur í bandarískum dollurum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum USD nema annað sé tekið fram. Ársreikningaskrá veitti félaginu heimild til að nota USD sem starfrækslugjaldmiðil sinn frá 1. janúar 2014.

d. *Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða*

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum er að finna í skýrinu 10 um varanlega rekstrarfjármuni.

Skýringar

3. Yfirfærsla eigna og skulda frá móðurfélagi 1.1. 2014

Félagið var stofnað 6. desember 2013, en starfsemi þess hóst 1. janúar 2014. Í ársbyrjun voru eignir og skuldir vegna starfsemi félagsins fluttar frá móðurfyrirtæki þess, Orkuveitu Reykjavíkur. Í yfirliti er sýnd sundurliðun á færslum vegna stofnunar félagsins og yfirfærslu eigna og skulda í byrjun árs.

	Staða í lok árs 2013	Yfirfærsla eigna og skulda	Staða 1.1. 2014
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	0	894.547	894.547
Tekjuskattseign	0	3.908	3.908
	0	898.455	898.455
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	0	1.304	1.304
Viðskiptakröfur	0	1.971	1.971
Aðrar skammtímaskröfur	1.064	41	1.105
Krafa á móðurfyrirtæki	0	17.271	17.271
Sjóður og bankainnstæður	48	17.387	17.434
	1.111	37.974	39.085
Eignir samtals	1.111	936.429	937.540
Eigið fé			
Hlutfé	35	217.335	217.369
Sérstakur endurmatsreikningur	0	119.702	119.702
Eigið fé samtals	35	337.037	337.072
Langtímaskuldir			
Skuldir við tengd félög	0	580.086	580.086
	0	580.086	580.086
Skammtímaskuldir			
Skuldir við tengd félög	1.076	(1.076)	0
Aðrar skammtímaskuldir	0	1.206	1.206
Næsta árs afborgun langtímalána við tengd félög	0	19.176	19.176
	1.076	19.306	20.382
Skuldir samtals	1.076	599.392	600.468
Skuldir og eigið fé samtals	1.111	936.429	937.540

4. Rekstrartekjur

	2014
Rafmagn	100.586
Heitt vatn	22.194
Aðrar tekjur	5.273
	128.052

Samningar vegna sölu á rafmagni til stórnotenda taka breytingum með hliðsjón af breytingum á álverði. Þá eru tekjur af raforkumásölu í íslenskum krónum og taka tekjur félagsins af þeim hluta tekna breytingum í samræmi við gengisbreytingar Bandaríkjadollars gagnvart íslenskri krónu.

Skýringar

5. Greining á rekstri jarðvarmaorkuvera

Upplýsingar um afkomu á framleiðslu raforku og heitu vatni sbr. 5. mgr. 41. gr. laga nr. 65/2003:

	Raforka 2014	Heitt vatn 2014
Jarðvarmavirkjanir		
Tekjur	79.207	22.194
Rekstrargjöld	(13.595)	(5.380)
Afskriftir	(20.853)	(6.186)
Afkoma fyrir fjármagnsgjöld	44.759	10.628
Arðsemi fjárfestingar	6,8%	4,6%

Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun eru blandaðar virkjanir, þar sem bæði er framleitt heitt vatn og raforka. Við skiptingu á sameiginlegum kostnaði er miðað við skiptireglu Orku náttúrunnar sem Orkustofnun hefur hafnað. Orkustofnun er skylt lögum samkvæmt að setja Orku náttúrunnar nýjar skiptireglur í kjölfar höfnunarinnar, sem stofnunin er ekki búin að samþykkja ennþá. Uns Orkustofnun setur Orku náttúrunnar nýjar skiptireglur þá er afkoma starfsþátta miðuð við skiptireglur Orku náttúrunnar.

6. Orkukaup

	2014
Orkukaup	19.773
Flutningur	13.523
	33.296

7. Laun og launatengd gjöld

Laun	4.908
Mótframlag í lífeyrissjóð	656
Önnur launatengd gjöld	632
	6.196
Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í rekstrareikninginn:	
Gjaldfært í rekstrarreikningi	5.771
Eignfært á framkvæmdir	425
	6.196
Fjöldi ársverka	62

Heildarlaun og þóknarir til stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu námu 239,2 þúsund USD.

8. Annar rekstrarkostnaður

Viðhaldskostnaður	10.080
Þjónustusamningar	4.627
Rekstur fasteigna	1.547
Rekstrartryggingar	1.421
Skrifstofukostnaður	1.053
Aksturskostnaður	570
Starfsmannakostnaður	261
	19.559

Skýringar

9. Tekjuskattur

2014

Breyting á frestuðum tekjuskatti	7.202
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	7.202

Virkt skatthlutfall greinist þannig:

Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	30.284
--	--------

Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	6.057
Gengismunur	3,8%	1.145
Virkur tekjuskattur	23,8%	7.202

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

31.12.2014	Framleiðslu-kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausafjármunir	Samtals
Heildarverð				
Staða í ársbyrjun	1.195.190	104	143	1.195.437
Endurflokkun	(503)	0	0	(503)
Endurmat hækkun	79.533	0	0	79.533
Viðbætur á árinu	11.950	0	58	12.008
Viðbætur eigna í byggingu	4.018	0	0	4.018
Staða í árslok	1.290.187	104	201	1.290.493

Afskriftir

Staða í ársbyrjun	300.730	33	127	300.890
Endurflokkun	(40)	0	0	(40)
Endurmat, hækkun	19.644	0	0	19.644
Afskrifað á árinu	27.220	2	1	27.223
Staða í árslok	347.554	35	128	347.717

Bókfært verð

Bókfært verð 1.1. 2014	894.460	71	16	894.547
Bókfært verð 31.12. 2014	942.633	69	74	942.776

Þar af eignir í byggingu í árslok	43.169	0	0	43.169
---	--------	---	---	--------

Við uppskiptingu Orkuveitu Reykjavíkur 1.1. 2014 fékk Orka náttúrunnar varanlega rekstrarfjármuni afhenta frá Orkuveitunni. Af þeirri ástæðu var ekki um varanlega rekstrarfjármuni að ræða 31.12. 2013.

Endurmat var framkvæmt vegna framleiðslueigna rafmagns í árslok en það er hluti af reglubundnu endurmati eigna fyrirtækisins. Endurmatið á árinu leiddi til hækkunar á bókfærðu verði þessara eigna að fjárhæð 59,9 milljónir USD.

Virðisrýrnunarpróf voru gerð í árslok 2014 til að staðfesta að bókfært verð eigna stæði undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Niðurstaða virðisrýrnunarprófa leiddi ekki til virðisrýrnunar og engar vísbendingar eru um virðisrýrnun í árslok 2014.

Helstu forsendur virðisrýrnunarprófa eru eftirfarandi:

- Veginn fjármagnskostnaður (WACC) er 5,16% til 6,74%, (2013: 6,71% til 7,93%)
- Framtíðartekjuvöxtur er áætlaður 0% til 4,6%, (2013: 0% til 5,0%)

Nánar er fjallað um endurmat og virðisrýrnunarpróf í skýringu 18 c.

Fasteignamat og váttryggingarverðmæti

Í árslok 2014 var fasteignamat eigna félagsins sem metnar eru fasteignamati 64,6 milljónum USD og brunabótamat þeirra nam 108,6 milljónum USD. Váttryggingarverðmæti eigna félagsins nam 952,9 milljónum kr. í árslok 2014.

Skýringar

11. Áhættuvarnarsamningar

Á árinu voru gerðir áhættuvarnarsamningar við móðurfyrirtækið til að takmarka áhættu félagsins gagnvart breytingum á álverði og áhrifum þess á raforkusölusamninga. Á árinu 2014 var gangvirðisbreyting þeirra jákvæð um 2.453 þúsund USD og var hún færð gegnum rekstur. Í árslok var staða opinna samninga eign að fjárhæð 1.428 þúsund USD, en þeir eru skráðir í efnahag meðal eigna og skulda.

12. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2014	1.1. 2014
Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	7.662	1.971
Óbein niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(131)	0
	<u>7.531</u>	<u>1.971</u>
Kröfur á tengda aðila greinast þannig:		
Kröfur á móðurfyrirtæki vegna ávöxtunar á handbæru fé	50.385	0
Aðrar kröfur á tengda aðila	7.250	17.271
	<u>57.634</u>	<u>17.271</u>
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Fyrirframgreiddur kostnaður	1.054	1.105
Aðrar kröfur	34	0
	<u>1.089</u>	<u>1.105</u>

13. Handbært fé

Handbært fé í árslok samanstendur af bankainnstæðum.

Félagið hefur gert samning við móðurfyrirtæki sitt um ávöxtun á lausu fé án bindingar. Krafa á móðurfyrirtækið vegna fjár í ávöxtun í árslok nemur 50,4 milljónum USD og er fært á meðal krafna á tengd félög í efnahagsreikningi.

14. Vaxtaberandi skuldir

	31.12.2014	1.1. 2014
Langtímaskuldir		
Langtímalán frá móðurfyrirtæki í USD	460.233	479.410
Langtímalán frá móðurfyrirtæki í ISK, verðtryggt	109.763	119.852
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(19.176)	(19.176)
	<u>550.820</u>	<u>580.086</u>
Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:		31.12.2014
Afborganir 2015.....		19.176
Afborganir 2016.....		23.096
Afborganir 2017.....		23.096
Afborganir 2018.....		23.096
Afborganir 2019.....		23.096
Afborganir síðar.....		<u>458.434</u>
		<u>569.996</u>

Skýringar

15. Tekjuskattsskuldbinding

31.12.2014

Tekjuskattseign í ársbyrjun, yfirfærsla við uppskiptingu	(3.908)
Tekjuskattsáhrif endurmats		11.978
Reiknaður tekjuskattur ársins		7.202
Tekjuskattsskuldbinding í árslok		<u>15.272</u>

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

Varanlegir rekstrarfjármunir		25.785
Áhættuvarnarsamningar		286
Frestaður gengismunur		1.060
Aðrir liðir	(27)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	(11.832)
		<u>15.272</u>

Tekjuskattseign vegna yfirfæranlegs taps er færð upp að fullu, en hún er yfirfarin á hverjum uppgjörstigi út frá áætlunum félagsins um framtíðarafkomu. Samkvæmt því mun tekjuskattseign sem færð er vegna yfirfæranlegs taps nýtast. Sjá nánari umfjöllun í skýringu 18. e.

31.12.2014

1.1. 2014

Ójafnað skattalegt tap, nýtanlegt til ársins 2018	50.586	92.070
Ójafnað skattalegt tap, nýtanlegt til ársins 2019	9.239	10.193
	<u>59.825</u>	<u>102.262</u>

16. Aðrar skammtímaskuldir

31.12.2014

1.1. 2014

Viðskiptaskuldir:		
Innlendar viðskiptaskuldir	6.527	0
Aðrar skammtímaskuldir:		
Ógreidd laun og launatengdir liðir	1.002	13
Ógreiddur virðisauka- og orkuskattur	4.247	0
Aðrar skammtímaskuldir	345	1.194
	<u>5.594</u>	<u>1.206</u>

Skýringar

17. Viðskipti og stöður við tengda aðila

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnarmenn og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á árinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

	2014	
Kaup af félögum og stofnunum í samstæðu Reykjavíkurborgar.....		99
Sala til félaga og stofnana í samstæðu Reykjavíkurborgar.....		3.260
Sala til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar.....		24.044
Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	(12.817)
		<u>14.586</u>
Vaxtatekjur vegna inneignar hjá móðurfyrirtæki.....		1.171
Vaxtagjöld vegna langtímalána við móðurfyrirtæki.....	(26.262)
		<u>(25.091)</u>
Kröfur á tengd félög	31.12.2014	1.1. 2014
Krafa á félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	790	0
Krafa á móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	57.566	17.271
Krafa á systurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur - Veitur ohf.....	68	0
	<u>58.424</u>	<u>17.271</u>
Skuldir við tengd félög		
Skuld við systurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur - Veitur ohf.....	279	0
Skuld við móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	6.270	0
	<u>6.549</u>	<u>0</u>

Staða og frekari sundurliðun á langtímaláni við móðurfyrirtækið má finna í skýringu 14 og laun stjórnenda í skýringu 7.

Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs er ekki meðtalin.

Skýringar

18. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi og miðar fyrirtækið við miðgengi í dagslok skv. Seðlabanka Íslands. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

Orka náttúrunnar hefur USD sem starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónan er sá gjaldmiðill sem hefur mest áhrif þar á eftir á reikningsskil félagsins. Gengi USD gagnvart krónunni var eftirfarandi:

	Meðal- gengi	Ársloka- gengi
ISK	0,857	0,788

b. Tekjur

Tekjur eru skráðar þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda og eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

i) Færsla og mat

Upphaflega eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarverði sem samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatstegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkunar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Endurmat var framkvæmt í árslok 2014 vegna eigna í rafmagni en í ársbyrjun var endurmat flutt til félagsins sem hluti af öllum varanlegum rekstrarfjármunum.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi.

Skýringar

18. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Framleiðslukerfi	7 - 60 ár
Aðrar fasteignir	50 ár
Aðrir lausafjármunir	5 - 25 ár

iv) Virðisrýrnun

Bókfært verð varanlegra fastafjármuna er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eignunum. Notað er raunverðslíkan við framangreinda útreikninga.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 10 um varanlega rekstrarfjármuni

Virðisrýrnun eigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar. Félagið skilgreinir gangvirðislækkun niður fyrir kostnaðarverð sem hlutlæga vísbendingu um virðisrýrnun fjáreigna til sölu þegar um er að ræða lækkun 15% niður fyrir kostnaðarverð eða gangvirðislækkun vari í a.m.k. sex mánuði.

d. Áhættuvarnasamningar

Félagið hefur gert áhættuvarnasamninga til varnar mögulegum sveiflum á álverði vegna áhrifa þess á raforkusölusamninga. Hagnaður eða tap vegna þessara samninga eru færð í rekstrarreikning. Opnir samningar eru metnir á núvirtu framtíðargreiðsluflæði og markaðsgögn notuð við verðlagninguna.

e. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 20% vegna ársins 2014.

ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingunni.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.